



Birgðatrygging

Vátryggingarskilmálar nr. EL15

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. EL15.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

A. Almennir skilmálar

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
5. Brot á varúðarreglum
6. Áhrif tímaskráningar
7. Samsömun
8. Áhættubreyting
9. Útreikningur iðgjalds
10. Greiðsla iðgjalds
11. Endurgreiðsla iðgjalds
12. Eigendaskipti
13. Vátryggingarfjárhæð
14. Eigin áhætta
15. Ákvörðun bóta
16. Undirtrygging
17. Tvítrygging
18. Framsal
19. Fyrning

B. Brunatrygging

20. Bótasvið
21. Varúðarreglur

C. Vatnstjónstrygging (valkvætt)

22. Bótasvið
23. Varúðarreglur

D. Þjófnaðar- og ránstrygging (valkvætt)

24. Bótasvið
25. Varúðarreglur

E. Óveðurstrygging (valkvætt)

26. Bótasvið
27. Varúðarreglur

F. Vélstöðvunartrygging kælikerfa (valkvætt)

28. Bótasvið
29. Varúðarreglur

G. Lekatrygging úr tanki (valkvætt)

30. Bótasvið
31. Varúðarreglur
32. Eigin áhætta

H. Sjálfsíkveikjutrygging á heyi og mjöli (valkvætt)

33. Bótasvið
34. Varúðarreglur
35. Eigin áhætta

A. Almennir skilmálar

1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til vörubirgða í eigu vátryggðs sem tilgreindar eru í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1 Eigandi vörubirgðanna er vátryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í birgðunum eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 4.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 4.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 4.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

5. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004.



6. Áhrif tímaskráningar

Vátryggingin nær ekki til ábyrgðar vegna taps eða tjóns sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta, af áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja.

Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar.

Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þessa hvoru tveggja.

Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og eða ápreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við, vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).

Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra, hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli á tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óápreifanlegu eða ápreifanlegu formi.

Undanþága þessi nær ekki til tjóns sem verður vegna skilgreindra bótaskyldra tjónsorsaka, sem tilgreindar eru í skilmálum vátryggingarinnar svo sem bruna, sprengingu, hrapi, innbroti, þjófnaði eða vatnsskaða.

7. Samsömun

Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs eða umsjónarmanns vátryggðra birgða.

8. Áhættubreyting

Allar breytingar á gerð og notkun þess sem hinar vátryggðu birgðir eru geymdar í, s.s. á húseign, tanki, gámi og annarri geymslu, er haft geta í för með sér aukna hættu á tjóni skal tilkynna félaginu tafarlaust. Sama á við um breytingu á kæli-, frysti- og lagnakerfum. Láti vátryggður hjá líða að gefa slíka tilkynningu getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins takmarkist eða falli niður, sbr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Útreikningur iðgjalds

Í upphafi vátryggingartímabils er iðgjald áætlað miðað við hámarks vátryggingarfjárhæð. Í lok vátryggingartímabilsins er endanlegt iðgjald ákveðið og reiknast það af meðalvátryggingarfjárhæð, þ.e. samtals mánaðarlegar vátryggingarfjárhæðir deilt með 12. Verði tjón á vátryggingartímabilinu reiknast tjónsfjárhæðin inn í vátryggingarfjárhæðina út vátryggingartímabilið. Reynist endanlegt

iðgjald lægra en áætlað iðgjald, endurgreiðir félagið vátryggingartaka mismuninn. Reynist endanlegt iðgjald hærra en upphaflegt áætlað iðgjald endurgreiðir vátryggingartaki mismuninn til félagsins.

10. Greiðsla iðgjalds

10.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.

10.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

11. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

12. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að hinum vátryggðu birgðum, fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

13. Vátryggingarfjárhæð

13.1 Hámarks vátryggingarfjárhæð nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

13.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.

13.3 Vátryggður skal í byrjun hvers mánaðar tilkynna verðmæti birgða til félagsins. Hafi tilkynningin ekki borist fyrir mánaðarlok verður gengið út frá hámarks vátryggingarfjárhæð samkvæmt 13.1 þann mánuð.

13.4 Fari verðmæti birgða fram úr áætlaðri hámarks vátryggingarfjárhæð, skal það strax tilkynnt félaginu. Félagið tekur ekki ábyrgð á slíkri hækkun fyrr en tilkynning um hana hefur borist.

14. Eigin áhætta

14.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu, sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun nema annað komi



fram í einstökum valkvæðum váttryggingum þessara skilmála.

- 14.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

15. Ákvörðun bóta

- 15.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 15.2 Vörur, sem váttryggingartaki hefur ekki framleitt sjálfur, verðleggjast á innkaupsverði að viðbættum kostnaði miðað við venjulegan innkaupsmáta. Vörur í framleiðslu og fullunnar vörur verðleggjast samkvæmt innkaupsverði á hráefni að viðbættum áföllnum kostnaði. Innkaupsverð og kostnaður miðast við verðlag á tjónsdegi.
- 15.3 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 15.4 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 15.5 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingaratburð.
- 15.6 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

16. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti hins váttryggða meira en váttryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

17. Tvítrygging

- 17.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 17.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 17.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

18. Framsal

Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum.

19. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

B. Brunatrygging

20. Bótasvið

20.1 Eldsvoði, elding, sprenging

Váttryggingin bætir tjón af völdum:

- 20.1.1 Eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
- 20.1.2 Eldingar.
- 20.1.3 Sprengingar.

Váttrygging bætir ekki tjón:

- 20.1.4 Sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.

20.2 Sótfall

Váttryggingin bætir tjón af völdum:

- 20.2.1 Sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði.

Váttryggingin bætir ekki tjón af völdum:

- 20.2.2 Sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.

20.3 Loftför

Váttryggingin bætir tjón af völdum loftfara og hluta sem frá þeim falla.

20.4 Slökkvi- og björgunaraðgerðir

Váttryggingin bætir:

- 20.4.1 Tjón og kostnað vegna slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfunum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir váttrygginguna og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætanagerar.

- 20.4.2 Kostnað vegna nauðsynlegs flutnings á hinum váttryggðu birgðum í sambandi við bótaskyld tjón.

- 20.4.3 Birgðir sem glatast við slökkvi- og björgunaraðgerðir.



21. Varúðarreglur

- 21.1 Vátryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
- 21.2 Vátryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður á vátryggingarstað sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.

C. Vatnstjónstrygging

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

22. Bótasvið

22.1 Vatn

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 22.1.1 Vatns sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja hússins.
- 22.1.2 Vatns sem flæðir óvænt og skyndilega frá tækjum sem fasttengd eru leiðslum hússins.
- 22.1.3 Yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku er vátryggingar-atburðurinn átti sér stað.

Vátryggingin bætir ekki:

- 22.1.4 Tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.
- 22.1.5 Tjón af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- 22.1.6 Tjón af völdum langvarandi raka eða vatnsleka.
- 22.1.7 Tjón af völdum byggingarvinnu eða viðhalds, þar með talin vinna við vatnslagnir.
- 22.1.8 Tjón af völdum sjávarflóða, flóða frá stöðuvötnum, ám eða lækjum.

23. Varúðarreglur

- 23.1 Vátryggður skal sjá til þess að vörubirgðir í kjöllum séu á röugrind eða palli og að niðurföll sé í geymsluherberginu.

- 23.2 Vátryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti.
- 23.3 Vátryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim.
- 23.4 Vátryggður skal sjá til þess að vörubirgðir séu ekki geymdar í opnum húsum, skemmum eða skýlum til að koma í veg fyrir tjón af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku.

D. Þjófnaðar- og ránstrygging

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

24. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón vegna:

- 24.1 Þjófnaðar og skemmda á hinum vátryggðu birgðum við innbrot í húsnæði á vátryggingarstað.
- 24.2 Skemmda sem verða á húseign í eigu vátryggðs vegna innbrots þar sem hinar vátryggðu birgðir eru, með allt að 10% af vátryggingarfjárhæð birgða á viðkomandi vátryggingarstað ef bætur eru greiddar samkvæmt gr. 24.1.
- 24.3 Ráns þegar vátryggðum birgðum er rænt af vátryggðum eða starfsmönnum hans á vátryggingarstað.
- 24.3.1 Hámarksbætur nema 10% af vátryggingarfjárhæð en geta þó aldrei orðið hærri en hámarksbætur sem koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 24.3.2 Það telst rán þegar hinir vátryggðu munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað, sbr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- 24.4 Á húseigninni sem stafar af eldsvoða enda þótt hann verði í sambandi við innbrot.

25. Varúðarreglur

- 25.1 Vátryggður skal sjá til þess að húseign þar sem vátryggðar birgðir eru staðsettar sé alltaf læst og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur þegar enginn er í húseigninni.
- 25.2 Vátryggður skal ætíð geyma lykla þannig að óviðkomandi geti ekki nálgast þá.



E. Óveðurstrygging

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

26. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Til óveðurstjóna teljast eingöngu tjón á vörubirgðum innanhúss þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er vátryggingaraburðurinn átti sér stað.

27. Varúðarregla

Vátryggður skal sjá til þess að vörubirgðir séu ekki geymdar í opnum húsum, skemmum eða skýlum til að koma í veg fyrir tjón af völdum óveðurs.

F. Vélstöðvunartrygging kælikerfis

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

28. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

28.1 Óviðráðanlegar bilunar kælikerfis eða leka frystivökva úr því.

Vátryggingin bætir ekki tjón:

28.2 Á birgðum sem voru gallaðar þegar þeim var komið fyrir í geymslu.

29. Varúðarreglur

29.1 Vátryggður skal fara eftir fyrirmælum framleiðanda kælikerfisins og hafa reglubundið eftirlit og viðhald á því.

29.2 Vátryggður skal í þeim tilfellum sem hið vátryggða er geymt í frystigámum hafa reglulegt eftirlit með gámnum.

29.2.1 Rofar og rafmagnskaplar vegna gámsins skulu vera þannig frágengnir að utanaðkomandi aðilar geti ekki rofið straum að gámnum.

29.2.2 Loftflæði í gámnum skal vera virkt.

29.2.3 Síritasþjald skal vera í gámnum.

29.2.4 Vátryggður skal sjá til þess að minnsta kosti tveir hitamælar séu í geymslugámi, einn við hvorn enda gámsins.

G. Lekatrygging úr tanki

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

30. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón á vörubirgðum sem verður við leka úr tanki. Skylt er að halda skrá yfir birgðir í hverjum tanki og skal skrá breytingar þegar þær verða. Skrár þessar skulu vera til reiðu fyrir félagið þegar þeirra er óskað.

31. Varúðarregla

Tankar, leiðslur og tilheyrandi búnaður skal ávallt vera í fyllsta samræmi við opinberar öryggisreglur og viðurkenning um það frá opinberum eftirlitsaðilum skal liggja fyrir árlega.

32. Eigin áhætta

Ef eigin áhætta vegna lekatryggingar er ekki tiltekin í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun er hún 1% í hverju einstöku tjóni.

H. Sjálfsíkveikjutrygging á heyi og mjöli

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

33. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

Ofhitunar (kolunar) í heyi eða mjöli, þótt eldur verði ekki laus.

34. Varúðarregla

Hafa skal reglulegt eftirlit hita- og rakastigi í heyi og mjöli. Gæta skal þess að loftun sé næg.

35. Eigin áhætta

Ef eigin áhætta vegna sjálfsíkveikjutryggingar er ekki tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun er hún 10% í hverju einstöku tjóni.

Vátryggingaskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.